

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 291/2010 um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með áburði.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Reglugerð þessi gildir um birtingu á niðurstöðum eftirlits með áburði. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að opinberri birtingu upplýsinga um gæði og öryggi áburðar."

#### 2. gr.

Við reglugerðina bætis ný grein sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

#### „4. gr. a.

*Birting rannsóknaniðurstaðna og eftirlitsaðgerða í einstökum tilvikum*

Matvælastofnun er í eftirfarandi tilvikum heimilt að birta niðurstöður úr eftirliti með áburði sem er á markaði:

- a. Þegar niðurstöður úr efna- og örverugreiningum leiða í ljós að áburður er ekki í samræmi við vörulýsingu eða ákvæði laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.
- b. Þegar niðurstöður leiða til þess að Matvælastofnun gefur fyrirmæli um afmengun, takmarkar framleiðslu eða markaðssetningu, leggur hald á eða fer fram á förgun á áburði.

Birting niðurstaðna skal fara fram eins fljótt og unnt er á heimasíðu stofnunarinnar. Jafnframt er Matvælastofnun með sama hætti heimilt að birta almennar upplýsingar um aðgerðir hennar eða áburðarfyrirtækja þegar áburður uppfyllir ekki kröfur um öryggi vörunnar.“

#### 3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Stjórnsýslukæra aðila máls til ráðherra frestar ekki birtingu Matvælastofnunar.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. a laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. janúar 2012.*

F. h. r.

  
Sigurgeir Þorgeirsson.

  
Baldur P. Erlingsson.